

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 942/2012 fyrir Rannsóknar- og þróunarsjóð Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, RBF.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

Heiti sjóðsins verður **Sigrúnarsjóður**.

1. gr. orðist svo:

Sjóðurinn heitir Sigrúnarsjóður, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn. Hann er stofnaður af Sigrúnu Júlíusdóttur, kt. 030244-2309, prófessor í félagsráðgjöf og stofnanda Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd. Sigrún hefur verið einn ötulasti talsmaður þróunar, menntunar, rannsókna og fræða í félagsráðgjöf. Heimili sjóðsins er hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands í Reykjavík. Upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðum FÍ og Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, RBF við Háskóla Íslands. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

5. gr. orðist svo:

Stofnframlag sjóðsins er kr. 3.000.000 sem er gjöf frá Sigrúnu Júlíusdóttur. Aðrar tekjur sjóðsins skulu vera frjáls framlög einstaklinga, stofnana, félagasamtaka eða fyrirtækja, auk fjármagnstekna af eignum sjóðsins.

6. gr. orðist svo:

Sjóðurinn skal taka á móti frekari fjárfamlögum, hvort sem er frá stofnaðila eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi skv. 2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Sigrúnarsjóð staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 4. október 2013,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gisladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. október 2013